



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík 29. desember 2021

Efni: Umsögn áform um frumvarp til sóttvarnarlaga, mál nr. 226/2021.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til sóttvarnarlaga sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 2. desember sl. Í umfjöllun um málið á gáttinni segir að tilgangur frumvarpsins sé m.a. að endurskoða stjórnslu sóttvarna og eru lagðar til breytingar á því hvernig opinberar sóttvarnarráðstafanir eru ákvarðaðar. Samtökin gera á þessu stigi málsins ekki athugasemdir við efni áformanna en vilja koma því á framfæri að brýn þörf er á að skýra kærufæri lögaðila sem verða fyrir áhrifum af ákvörðunum tengdum sóttvörnum t.d. synjun eða afturköllun á vinnusóttkví. Samtökin kalla eftir tillögum að ferlum sem taka á slíkum ákvörðunum og að tekið sé tillit til þeirra mikilvægu hagsmuna sem sannarlega eru undir hjá atvinnulífinu.

Samtökin gera að öðru leyti ekki athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindri ábendingu hér með komið á framfæri við ráðuneytið.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Árni Grétar Finnsson

f.h. Samtaka iðnaðarins

Steinunn Pálmadóttir